

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 401. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 7. maí 2026 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025. Endurskoðendur mæta á fundinn.
- 2) Fundargerð 367. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 22. apríl 2026
- 3) Fundargerð 201. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 30. apríl 2026.
- 4) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 23. mars 2026.
- 5) Fundargerð 106. fundar íþróttá- og æskulýðsnefndar, dags. 9. apríl 2026.
- 6) Fundargerð 107. fundar íþróttá- og æskulýðsnefndar, dags. 29. apríl 2026.
- 7) Fundargerð 7. fundar rekstrarnefndar Klífs, dags. 26. apríl 2026.
- 8) Fundargerð 11. fundar velferðarnefndar, dags. 26. apríl 2026.
- 9) Fundargerð 34. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 5. maí 2026.
- 10) Fundargerð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands, dags. 25. mars 2026, ásamt skýrslu stjórnar.
- 11) Fundargerðir 997. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 317. apríl 2026.
- 12) Fundargerðir 94., 95., 96. og 97. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 23. janúar, 20. febrúar, 3. mars og 8. apríl 2026.
- 13) Fundargerð 481. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 17. mars 2026.
- 14) Tillaga frá Halldóru Kristínu Unnarsdóttur, dags. 10. apríl 2026, um nýtingu félagsheimilisins Rastar fyrir börn og ungmenni.
- 15) Áskorun frá forvarnarteymi Snæfellsness, vegna sveitarstjórnarkosninga 16. maí n.k.
- 16) Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 8. apríl 2026, varðandi annars vegar drög að breytingu á reglugerð um framkvæmd raforkulaga og hins vegar varðandi breytingar á raforkulögum.
- 17) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 4. maí 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Welcome Iceland ehf., um leyfi til að reka gististað í flokki II, stærra gistiheimili, að Hafnargötu 11 í Rífi, Snæfellsbæ.
- 18) Bréf frá Þjóðkirkjunni, dags. 27. apríl 2026, varðandi ályktun um leiðréttingu sóknargjalda.
- 19) Samþykktir Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs. – fyrri umræða í bæjarstjórn eftir samþykkt í ráðuneytunum.
- 20) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ. 5. maí 2026
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

367. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn ^{22.} 9. apríl 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júniana Björg Óttarsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:


- 1) **Bréf frá Umboðsmanni barna, dags. 10. apríl 2026, varðandi sveitarstjórnarkosningar 2026 og lýðræðislega þátttöku barna.**
Lagt fram til kynningar.
- 2) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 9. apríl 2026, varðandi ósk um umsögn bærarstjórnar um umsókn Sveins Gíslasonar um leyfi til að reka gististað í flokki II, minna gistiheimili, að Fossi í Staðarsveit, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Sveins Gíslasonar, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Fossi í Staðarsveit, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 3) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 10. apríl 2026, varðandi ósk um umsögn bærarstjórnar um umsókn Nónhúss ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki II, fristundahús, að Miðhúsum í Breiðuvík, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Nónhúss ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, fristundahús, að Miðhúsum í Breiðuvíkurbreppi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 4) **Bréf frá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 8. apríl 2026, varðandi umsögn um frumvarp til laga um lagareldi, 529. mál.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, dags. 31. mars 2026, varðandi úthlutun úr styrktarsjóði EBÍ**
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Minnispunktur bærarstjóra.**
 - a) Bærarstjóri sagði frá tölvupósti sem barst um kauptilboð í íbúð í Fossabrekku 21. Bæjarráð telur ekki ráðlegt að Snæfellsbær kaupi fleiri íbúðir.
 - b) Bærarstjóri fór yfir staðgreiðslu mánaðarins sem stefnir í að vera mjög góð.
 - c) Bærarstjóri sagði frá styrk sem fékkst frá Jöfnunarsjóði vegna betra aðgengis í Ráðhúsið.
 - d) Bærarstjóri ræddi starfsmannamál.
 - e) Bærarstjóri sagði frá fundi varðandi sölu á eignum Snæfellsbæjar á Jaðri til ríkisins.
 - f) Bærarstjóri fór yfir undirbúning vegna sumarsins.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:24


Handwritten signatures and initials: BHA, FS, and other illegible marks.


Jónína Björg Ottarsdóttir


Björn H Hilmarsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 201201. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 30. apríl 2026
og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Matthías Páll Gunnarsson, Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson og Gunnþóra Guðmundsdóttir.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Stóri-Kambur - Umsókn um byggingarleyfi fyrir þremur 111,8 fm frístundahúsum - 2604004

Hjörtur Sigurðsson sækir um byggingarleyfi fyrir þremur 111,8 fm frístundahúsum á Stóra-Kambi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar. Slökkviliðsstjóri bendir á að uppfylla þurfi tvær flóttaleiðir og að gera þurfi grein fyrir slökkvivatni.

Samþykkt

2. Hábrekka 10 - Umsókn um gluggaskipti - 2604006

Þórður Björnsson sækir um leyfi til að skipta um glugga á húsi sínu að Hábrekku 10. Breyting verður á útliti glugganna.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar.

Samþykkt

3. Norðurtangi 3 - Umsókn um nýtt bílastæði og nýja hurð og klæðningu í portinu - 2604007

Vígfús Þráinn Bjarnason sækir um leyfi fyrir nýrri aðkomu og nýju bílastæði fyrir framan sinn hluta á Norðurtanga 3. Einnig sækir hann um að fá að stækka innkeyrsludyr og klæða vegg í porti.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stækkun á bílskúrshurð og klæðningu í porti með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar. Nefndin hafnar framlagðri tillögu að nýju bílastæði og felur tæknideild að finna videigandi lausn með eiganda.

FT

4. Amtmannshúsið, Arnarstapa - Umsókn um byggingarleyfi fyrir 73,1 fm baðhúsi. -

*MPC TRR
MS VHK MIA AG
Gpinn*

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

2603010

Kristján Eggertsson sækir um fh. eigenda byggingarleyfi á baðhúsi við Amtmannshúsið á Arnarstapa. Heildarstærð hússins verður 73,1 m² og byggt úr timbri. Húsið verður byggt samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir lóðina sem nýverið tók gildi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar.

Samþykkt

5. Smiðjugata 6 - Umsókn um 270 fm viðbyggingu að grunnfleti - 2604008

Davíð Magnússon sækir fyrir hönd Smiðjunnar Fönix um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu sem er 270,7 fm að grunnfleti með 44,4 fm millilofti. Viðbyggingin er stálgrindarhús klætt með yleiningum með steyptri plötu. Núverandi bygging er steinsteypt.

Magnús vikur af fundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar.

Magnús kemur aftur inn á fund.

Samþykkt

6. Golfvöllurinn á Rífi - Umsókn um byggingarleyfi fyrir golfskála - 2604009

Hjörtur Ragnarsson sækir fyrir hönd Golfklúbbsins Jökuls um byggingarleyfi fyrir um 100 fm golfskála við golfvöllinn á Rífi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar. Nefndin felur tæknideild að útbúa lóðarblað fyrir golfvöllinn.

Samþykkt

7. Stórhóll Rífi - Umsókn um lóð - 2604005

Birgitta Rún Baldursdóttir sendir inn fyrirspurn til að kanna möguleikann á að sækja um lóð við Stórhól, Rífi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd þakkar fyrir erindið en bendir á að deiliskipulag fyrir Stórhól, Rífi er ekki lengur í gildi. Ef gera á nýtt deiliskipulag þarf að gera breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar en það ferli samanlagt getur tekið upp undir 2 ár. Nefndin er jákvæð fyrir því að skoða skipulagningu nýrra lóða á Rífi.

Kynnt

8. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2026 - 2601006

- Umræða um ósamþykkt gistirými og tjaldstæði við Hafnargötu 16

- Umræða um brunamál við Norðurtanga 1 og Hellisbraut 20

Handwritten signatures and initials:

- TR
- MPC
- MHK
- HK
- Gpava
- VHK
- 777

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45.

Krishna Hermann.

Haldór Skinnur

Maður Karl

Gunnvör Guðmundsdóttir

Floegi Temp Tannur

Hallgrím Hórn

Matthias Páll Gunnarsson

~~Ari Ari~~

Valgerður H. Kristmannsd.

Íþróttá- og Æskulýðsnefnd

106. fundur – 09.04.2026 kl.18:50 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Aron Baldursson
Margrét Vilhjálmsdóttir
Margrét Eva Einarsdóttir
Jóhanna Jóhannesdóttir
Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi)

Formaður setti fundinn.

1. Fyrirspurn kom á borð íþróttá- og æskulýðsnefndar vegna þrektækja eða æfingaskilti sem yrði staðsett utandyra sem myndi stuðla að hreyfingu og heilsueflingu.
 - a. Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi fór yfir þau mál hvernig hagstæðast og best væri að útfæra þetta svo þetta yrði komið upp í fyrir eða í sumar.
 - b. Hagstæðast væri að setja þrektæki eða bekki með fjölnota tilgang og hugmyndabanka af æfingum.
2. Skoðað hefur veirð æfingataeki frá fyrirtækinu KRUMMA og búið að senda fyrirspurn varðandi tilboð.
 - a. Um er að ræða bekki með fjölnota gildi sem er einnig æfingataeki, og kemur í þremur mismunandi stærðum eða “small”, “medium” og “large”.
 - b. Rætt var um notagildi og að einnig væri það fjlpætt þar sem þetta eru einnig bekkir og því hægt að setjast á þá og hvíla sig, ekki einungis gera æfingar.
 - c. Æfingabekkirnir hafa svo hugmyndabanka af æfingum sem eru myndrænar og skýrar.
 - d. Rætt var staðsetningu á bekkjunum og var nefndin sammála að þetta má ekki vera á óhagstæðum stað, heldur vera við göngustíginn og þar sem fólk er að labba. Hugmynd kom að setja einn við reiðveginn í Ólafsvík við stekkjaraun og svo einn á milli Hellissands og Rífs við göngustíginn.
3. Rætt var einnig framtíðarsýn á svæðinu við heilsugæsluna og að setja jafnvel æfingastöð þar og fleirir leiktæki ásamt grillaðstöðu. Það vantar meira á þetta svæði og fyrir barnafjölskyldur og væri flott varðandi framtíðarsýn hvað varðar heilsueflandi samfélag.

Fundi slitið kl.19:40

Íþróttta- og Æskulýðsnefnd

107. fundur – 29.04.2026 kl. 18:30 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Aron Baldursson

Tinna Ýr Gunnarsdóttir

Margrét Eva Einarsdóttir

Margrét Sif Sævarsdóttir og Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttta- og æskulýðsfulltrúi)

Formaður setti fundinn og bauð Margrét Sif velkomna til starfa.

1. Farið var yfir það sem hefur verið rætt um áður og hvað þarf að fara koma í framkvæmd.
 - a. Hreyfitæki: Þarf að vera gert vel strax frá upphafi, vanda val á tækum, að frágangur sé góður og staðsetning sé í samræmi við nefndina og íþróttta – og æskulýðsfulltrúa.
 - b. Frispígolfvöllur: Klára völlinn sem búið er að setja upp, gera aðgengilegri og skilti með reglum.
 - c. Svæðið fyrir neðan heilsugæslustöðina: Gera svæðið meira spennandi, búa til svæði til að grilla, fleiri sæti, langtíma skipulag á svæðinu varðandi uppbyggingu og leiktæki og mögulega að gróðursetja tré til að búa til fallegt og skjólsælla svæði þarna.
2. Nefndin ræddi um framtíðarsýn í uppbyggingu á íþróttamannvirkjun og hvert viljum við stefna. Við viljum ekki að okkar bæjarfélag sitji eftir í mannvirkjaþróun sem á sér stað á mörgum stöðum á landinu. Meðal annars var rætt um fjölnota íþróttahús (knaþhöll) sem myndi koma sér vel þar sem íþróttahúsið er fullt og ekki er hægt að bæta við íþróttagreinum eða auka tíma í þeim íþróttagreinum sem fyrir eru í boði.
3. Hver er framtíðarsýnin í æskulýðsmálum í Snæfellsbæ.
 - a. Klára þarf húsnæði félagsmiðstöðvarinnar að utan
 - b. Malbika planið fyrir utan félagsmiðstöðina
 - c. Göngustígur

- d. Gangbraut
- e. Ungmennahús – fyrir 16-20+ ára... Hvað ætlum við að bjóða upp á fyrir þennan aldurshóp, þar sem við viljum halda þeim hér heima eftir grunnskóla og hvetja þau til að fara á FSN og þá verðum við að bjóða upp á eitthvað fyrir þennan aldur.

Fundi slitið kl.19:20

7. fundur Rekstrarnefndar Klifs haldinn í Klifi

Mánudaginn 26 apríl 2026 kl 13:00

Á fundinn mættu:

Baldvin Leifur Ívarsson, Guðrún Þórðardóttir, Jenný Guðmundsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir

1. Framkvæmdir síðan síðast.

- ✓ Búið er að setja nýja hurð í “Bláa salinn” næst á dagskrá er að laga andyrið og salernið þar
- ✓ Vírinn í tjöldunum var lagaður fyrir Þorrablótið og er allt annað að draga frá og fyrir, en tjöldin á bakvið eru öll að detta í sundur og þyrfti að endurnýja þau.
- ✓ Þorrablótsnefndin tók þátt í kostanaði við að kaupa og setja upp tvö ný sjónvörp í aðalsalinn sem koma að góðum notum á ráðstefnum og öðrum viðburðum.
- ✓ Einnig fjárfesti Þorrablótsnefndin í ljósum fyrir um 500.000 sem Máni, Arna og Þorrablótsnefndin sjá um að koma fyrir og hafa þau öll kærar þakkir fyrir frá okkur í rekstrarnefndinni.

2. Önnur mál

- ✓ Guðrún var búin að athuga hvað kostaði að yfirdekka stólana í aðalsalnum og var það um 18 til 22 þúsund án vsk pr stóll.
- ✓ Einnig var hún búin að kanna hvað það kostaði að þússa upp marmarann í andyrinu og er það ca 5 til 15 þúsund á fermetra
- ✓ Töluðum aftur við Ragnar tæknifræðing í sambandi við gluggana í kaffisalnum en það er ekki enn búið að panta þá og teljum við að það þurfi að gerast á næstum dögum svo að það sé hægt að draga frá þegar viðburðir eru í salnum.
- ✓ Við skoðuðum vel aðgengi fyrir utan og teljum við að það þurfi aðeins lagfæringu eins og steypa stéttina fyrir framan aðalhurðina og laga

göngustíga að öðrum inngöngum. Jenný talaði um að hún vildi sjá að lóðin fengi upplýftingu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl 14:05

Sigrún Ólafsdóttir

Velferðarnefnd

11.fundur

26.apríl 2026

Mættir eru: Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir, Stefán Smári Kristófersson, Viktoría Sif Viðarsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir og Kristgeir Kristinsson.

Fundur settur klukkan 17.00

Farið yfir fundargerð síðasta fundar

Breytingar á tilhögun Velferðarnefndar

Rætt um að það standi til að gera eina sameiginlega velferðarnefnd fyrir allt Snæfellsnesið í stað þess að hafa eina nefnd í hverju bæjarfélagi. Engin tímamörk eða staðfesting komin á þær breytingar.

Næringarfræðsla í Klifi

Gunnhildur segir frá næringarráðgjafa sem verður með fræðsluerindi fyrir alla áhugasama í Klifi. Skipulagt í samvinnu við öldrunarráð en hugsað fyrir alla, ekki aðeins aldraða. Fræðslan yrði greidd af bænum. Samþykkt af öllum fundarmönnum.

Bekkur til vitundavakningar á Alzheimer

Ákveðið að hafa samband við Alzheimer-samtökin varðandi samstarfsverkefni sem er yfir allt landið um að setja upp fjólubláa bekki til að vekja athygli á Alzheimer. Rætt við bæjarstjórn í framhaldinu þegar við höfum frekari upplýsingar.

Fundi slitið klukkan 18.05

34. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 5. maí 2026 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Þórður Tryggvi Stefánsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Valgerður Kristmannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Ævar Sveinsson, Baldvin Leifur Ívarsson, Matthías Páll Gunnarsson og Vagn Ingólfsson.
Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

1) Þórður fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Búið að steypa um 90 metra af kantbita og byrjað er að setja dekkjalengjur utan á þil. Síðasta steypan verður sett í dag.
- b) Hafinn er undirbúningur á að setja kanttré á kantbitann.
- c) Fara á að skipta út öllum Markúsarnetum sem eftir eru á bryggjum í Ólafsvík, Rífi og Arnarstapa. Setja á Björgvinsbelti í staðinn.
- d) Búið er að fjárfesta í tveimur nýjum pallvogum í Ólafsvík og Rífi.
- e) Verið er vinna í útboðsgögnum fyrir þekju á Norðubakka Ólafsvík.
- f) Verið er að vinna innanhúss í hafnarhúsinu í Ólafsvík.

2) Ævar fór yfir punkta vegna Áhaldahússins:

- a) Allt nýtilegt týnt úr Átthagastofu, allt timburverk rífið af útveggjum og rafmagn losað eins og hægt var.
- b) Tekið til í Pakkhúsinu og það gert klárt fyrir leigjendur.
- c) Ýmis vetrarþjónusta.
- d) Skipt út leiktækjum á leikvöllum úti í bæ. Verið er að ganga frá mottunum í kringum leiktækin.
- e) Skipt um gólfplötur í transporter bílnum.
- f) Lyftari lagaður.
- g) Gangstéttir voru sópaðar.
- h) Allar götur sópaðar.
- i) Byrjað er að vinna við niðurrif á Átthagastofunni.
- j) ...og svo allt hitt 😊

3) Leifur fór yfir framkvæmdir:

- a) Lokið var við gamla eldhúsið á Jaðri. Sett var nýtt gólfefni og ný innrétting sett.
- b) Settar voru dúkflisar á eitt herbergi á Jaðri ásamt ýmsu smávægilegu þar.
- c) Ýmis smærri verk á leikskólunum.

SIC UK di
MPG
Einar
HLS
HLS
HLS
HLS

- d) Ýmislegt smávægilegt lagfært fyrir Lýsudeild grunnskólans og Lýsulaugar, t.a.m. var málað gólf í karlaklefa.
- e) Í Ráðhúsinu var tæknideildin máluð og einn veggur klæddur með hljóðeinangrandi plötum.
- f) Þar var jafnframt málað og sett nýtt gólfefni á gamla eldhúsið niðri sem breytt var í tækjagæmslu.
- g) Fossabrekka 21, íbúð 0203, var máluð og gert við svalahurð sem var brotin.
- h) Aðstoðað var við að leita að vatnsleka og gera við eftir lekann í Engihlíð 20.
- i) Settur var upp nýr sturtuklefi í Engihlíð 18, 1hh.
- j) Sett var upp sýningartjald í Röstinni.
- k) Ýmis önnur smærri verk í íbúðunum.

4) Vagn fór yfir framkvæmdir vegna grunnskólans.

- a) Í Ólafsvík var farið í skipulagsbreytingar í stofum 2 og 3 í eldri byggingunni. Þar var verið að fjölga töflum og færa ásamt því að setja upp sjónvörp. Stofurnar málaðar í leiðinni.
- b) Út af skemmdum á salernum drengja var farið í það að skipta út þremur hurðakörmum fyrir nýja og jafnframt voru salernin máluð. Farið var í að taka út tvær salernisskálar til að auðvelda gæslu.
- c) Álagsveggur á gangi var málaður með sterkari málningu.
- d) Á Hellissandi voru rifnir sólbekkir í myndmenntastofu. Allt var heilt undir þeim og voru nýir settir í staðinn. Jafnframt var málað og settar nýjar gardínur.
- e) Mörgum fleiri smærri og tilfallandi verkefnum var sinnt í mánuðinum.
- f) Búið var að biðja um lista yfir listaverk Snæfellsbæjar sem staðsett eru í skólahúsnaðum og er sá listi kominn til skila.
- g) Vagn benti á að það þarf að fara að huga að hvað gera á varðandi gluggana í skólanum á Hellissandi. Ákveðið var að Vagn og Ragnar færu í málið.

5) Matthías fór yfir framkvæmdir vegna íþróttamannvirkja, slökkvistöðvar og tölvumála.

Íþróttahús í Ólafsvík

- Geymslur og salerni máluð
- Skúringavélar yfirfarnar skipt um bursta og gúmmí
- Sturtuhausar í búningsklefum endurnýjaðir

Sundlaug

- Miðstöðvarofn fjarlægður úr inngangi.
- Ný rennihurð í anddyrið er komin upp.
- Ný rennihurð er komin í sundlaugargarðinn.
- Lok var tekin af vaðlaug og lendingarlaug og þær þrifnar
- Rennibraut gerð klár fyrir sumarið og opnuð á sumardaginn fyrsta.

Íþróttarvöllur í Ólafsvík

- Tekið til á útsvæði

Handwritten notes and signatures:

Di
 MK
 MPG
 SKL.
 UK
 JF
 MS
 Dade
 H.S.

Slökkvilið

- Farið með bíla í skoðun.
- Dæla löguð á Bens slökkvibil.
- BS, SHS og HMS komu með slökkvihermi til æfinga og tókst sú æfing mjög vel.
- Haldin var klippu- og loftprúðaæfing.

6) Ragnar, Smári og Valgerður fóru yfir punkta vegna tæknideildarinnar:

- a) Haldinn var ræs-fundur með verktökum sem munu sjá um endurbætur á eldhúsi grunnskólans í Ólafsvík. Töluverðar breytingar hafa verið gerðar á innra skipulagi eldhússins frá því sem bóúð var að ákveða. Áætlað er að byrja á verkinu í byrjun júní og á því að vera lokið fyrir upphaf haustannar.
- b) Stefnt er að hefja framkvæmdir við bókasafn og tónlistaskóla þegar að tónlistaskólanum lýkur. Framkvæmdirnar felast í að skipt verður um glugga í húsinu og hluti þess klæddur með sléttri állklæðningu líkt og gert hefur verið á suðaustur gaffli hússins.
- c) Smíði á rennihurðum sem verða settar í Ráðhúsið er langt komin og verður hún sett í á næstu vikum.
- d) Búúð er að panta glugga sem skipta á um í Klifi í sumar. Um er að ræða 5 glugga sem eru á vesturhlið hússins.
- e) Ýmis önnur viðhaldsverkefni eru í undirbúningi s.s málningarvinna á fasteignum, bætt aðgengi að Röstinni, endurbætur á eldhúsi leikskólans í Ólafsvík svo eitthvað sé nefnt.
- f) Snæfellsbær hefur leitað til HEV og lögreglu varðandi aðgerðir við að fjarlægja bílhæ og gáma sem standa í leyfisleysi innan bæjarmarkanna. Byrjað er að hafa samband við eigendur gáma sem standa í leyfisleysi og verður þeim gefin frestur til að fjarlægja þá innan ákveðins frests. Bregðist eigendur ekki við fyrirmælunum munu gámarnir og bílarnir verða fluttir af lóðunum, og þá ýmist upp á gámasvæði eða á sorpmóttökustöðina, og verður það gert á kostnað eigenda. Eigendum gáma verður bent á svæði í sveitarfélaginu sem hefur verið útbúúð í námunni fyrir ofan Rif og er sérstaklega ætlað undir gáma. Þar geta einstaklingar og fyrirtæki leigt stæði gegn vægu árgjaldi.
- g) Gerð var verðkönnun hjá verktökum í niðurrif á Áttthagastofunni. Alls bárust tvö tilboð í verkið. Ákveðið var að hafna báðum boðunum og hefur verið samið við B. Vigfússon að sjá um niðurrifin í tímavinnu.
- h) Búúð er að setja upp leiktækin á leikvelli SNB sem keypt voru fyrir áramót. Seinna í sumar verður fallvörn lagfærð á leikvöllunum.
- i) Verktakarnir frá Jóhanni Helga & co eru væntanlegir um mánaðarmótin maí/júní til þess að vinna við leikskólalóðina í Ólafsvík og grunnskólalóðina á Hellissandi.
- j) Leikvallaráðstefna var haldin í síðustu viku og þangað fóru Smári, Valgerður og Margrét Sif, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi. Ráðstefnan var mjög fróðleg.

FTS

vi°
TR
RHC
Onnae
SIL
VK
MPA
M

- k) Í síðustu viku var farin vettvangsferð með aðilum úr bæjarstjórn og umhverfis- og skipulagsnefnd. Tilgangur ferðarinnar var að kanna hugsanleg svæði fyrir sumarhúsbyggð og nýtt íbúðasvæði á Rífi.
- l) Vorverkin eru byrjuð. Verið er að klippa og hreinsa beð og gróður.
- m) Plokkdagurinn var sunnudaginn 26 apríl s.l. og gekk hann vel.
- n) Vorhreinsunin stendur nú yfir og eru gámarnir komnir upp.
- o) Búið er að auglýsa eftir sumarstarfsfólki og er ráðningarferlið í gangi. Auglýsing um vinnuskóla fer að fara út.
- p) Búið er að skipta um glugga í Pakkhúsinu.
- q) Auk þeirra verkefna sem talin eru upp hér að ofan eru dagleg verkefni hjá tæknideildinni er varða þjónustu við íbúa, endurnýjun lóðarleigusamninga, breytt landamerki, yfirferð teikninga, úttektir, skipulagsmál, verkefni tengd opnum svæðum svo eitthvað sé nefnt.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 2. júní kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:23

Guðbjörg Þorvaldsdóttir
Jón Þ. Stefánsson

Matthías Páll Gunnarsson

Smári L. Láðvíksson

Baldur d. Fransson

Valgerður Kristmannsd.

Ólafur Sveinsson

Árni Þ. Þorvaldsson

Ólafur Þorvaldsson

Vagn Ingólfsson

FUNDARGERÐ

**Aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf.
Haldinn miðvikudaginn 25. mars 2026 kl. 13:00
á Hótel Hamari, Borgarbyggð.**

Formaður stjórnar, Kristinn Jónasson, setti fund. Hann gerði að tillögu sinni að Auður Kjartansdóttir yrði fundarstjóri og framkvæmdastjóri, Hrefna B Jónsdóttir, fundarritari.

Fundarstjóri þakkaði traustið og lýsti yfir lögmæti fundarins en kjörbréf hafa borist frá 99% hluthafa.

Fundarstjóri gerði þá tillögu um kjörnefnd en í hana eru tilnefnd: Björg Ágústsdóttir, Linda Pálsdóttir og Ragnar Sæmundsson.

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.

Formaður, Kristinn Jónasson fór yfir skýrslu stjórnar. Sjá nánar skýrslu stjórnar í heild sinni hér aftast í fundargerð.

2. Ársreikningar félagsins og umhverfisskýrsla.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi og grænu bókhaldi félagsins. Heildartekjur félagsins eru 264.301.000 kr. Rekstrargjöld eru 120.721.036 kr. fjármunatekjur 21.729.797 kr. og tekjuskattur 33.066.232 kr. Hagnaður ársins 132.243.529 kr. Samþykkt samhljóða. Samtals voru urðuð 15.161 tonn af úrgangi árið 2025.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar, ársreikning og umhverfisskýrslu. Lítillega rætt um hagnað félagsins og eigið fé þess. Samþykkt samhljóða.

3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að stjórnarlaun taki mið af þingfararkaupi. Greiðsla verði fyrir hvern fund. Laun formanns verði 5% 80.564 kr. og aðrir stjórnarmenn kr. 40.282 kr. + ½ dagpeningur greiddur pr. fund og akstur greiddur samkvæmt reglum RSK hverju sinni. Formaður fær sömu laun fyrir aðra fundi sem hann sækir fyrir hönd stjórnar Sorpurðunar Vesturlands hf. Samþykkt samhljóða.

4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Stjórn gerir þá tillögu til stjórnar að greiddur verði 50% arður til eigenda félagsins. Hagnaður frá rekstri leggist við eigið fé félagsins. Samþykkt.

5. Lagabreytingar

Engar

6. Kosning stjórnar.

Finnbogi Leifsson
Kristján Ágúst Magnússon
Andrea Ýr Arnarsdóttir
Steinunn Magnúsdóttir
Kristinn Jónasson
Emil Kristmann Sævarsson
Magni Grétarsson

Borgarbyggð
Borgarbyggð
Hvalfjarðarsveit
Sveitarfélagið Stykkishólmur
Snæfellsbæ
Akraneskaupstaður
Akraneskaupstaður

7. Kosning söggilts endurskoðanda.

Gerð er tillaga um að KPMG verði áfram löggiltur endurskoðandi félagsins.
Samþykkt

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

a. Stöndugt og skuldlaust félag.

Rætt um erindi frá Borgarbyggð vegna arðgreiðslna sem hljóðar svo:

Framlögð rekstraráætlun fyrir Sorpurðun Vesturlands 2025 - 2027 ásamt gjaldskrá fyrir árið 2026.

Sorpurðun Vesturlands er öflugt og arðbært hlutafélag í eigu sveitarfélaga á Vesturlandi og er eignarhlutur Borgarbyggðar 23,5%. Sjóðstreymi frá rekstri er sterkt, félagið skuldlaust og býr að stærri sjóðstöðu en útlit er fyrir að rekstur og fjárfestingar kalli á. Ef ekki liggur fyrir ákvörðun um fjárfestingar í rekstrinum í samræmi við stefnu þá beinir byggðarráð því til stjórnar Sorpurðunar Vesturlands að skoða að greiða umfram eigið fé til eigenda og/ eða móta stefnu í þá veruna.

Kristinn Jónasson, formaður, fór yfir fjárfestingarstefnu Sorpurðunar Vesturlands hf. yfir tíu ára tímabil og fór yfir tímabilið 2026 – 2036. Þar kemur m.a. fram að stjórnin telur skynsamlegt að gert er ráð fyrir kostnaði við að taka þátt í uppbyggingu hátækni sorpbrennslu sem er áætlað 300 m.kr.

Líflegar umræður urðu um aðkomu að stjórn sorpbrennslu og spurt hvort sveitarfélögin ættu sjálf að gerast hluthafar? Kristinn útskýrði stöðu á verkefninu í dag en stjórn Sorpurðunar hefur fylgst með því í gegnum samráðsvettvang SV-hornsins. Stofnað hefur verið undirbúningsfélag um stofnun félags um sorpbrennslu og að því vinna SORPA bs og Kalka brennslustöð á Suðurnesjum. Hugmyndin er að færa félagið út í hlutafélag og þá með aðkomu fleiri lögaðila. Þó er vert að taka fram að ekki er búið að taka endanlega ákvörðun um félagsform. En hvers vegna ætti Sorpurðun að verða hluthafi í brennslustöð en ekki sveitarfélögin? Þá er sá kostnaður ekki að velta út á íbúa í gegnum sveitarfélög á Vesturlandi.

Spurt út í aðkomu félagsins að stjórnun hátækni-brennslu, og/ eða hvaða réttindi það færi Vestlendingum. Formaður félagsins, Kristinn Jónasson, fór yfir mikilvægi þess að hafa aðkomu að lausn sem þessari. Óljóst er hve margir stjórnarmenn verða í stjórn hátækni-brennslu og hvaðan eigendur koma. Margt er óljóst á þessu stigi.



Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands hf. 25.03.2026

Hlutverk eigenda og hluthafa Sorpurðunar Vesturlands hf. ber að gæta að velferð félagsins. Rekstur Sorpurðunar er góður og þjónustan einnig. Ræddi um sorpbrennslustöðina og mögulega aðkomu SV hf. að henni. Rætt hafi verið um tekjur?

Kristinn sagði alltaf til falla ösku frá sorpbrennslustöð sem þarf að urða.

Áréttað er að Fíflholt leggur mikið á sig til að starfsemin valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á nærsamfélagið. Miklu máli skiptir að vinna í sátt við íbúa og sveitarfélagið Borgarbyggð.

Vel var tekið undir fjárfestingaráætlun félagsins og þakkaði Sigurður Guðmundsson, sveitarstjórnarfulltrúi Borgarbyggðar fyrir gagnlega umræðu.

Fyrirspurn kom hvort hefur verið skoðað með að fjárfesta í brennsluofni yfir dýraleifar. Svo hefur verið og er niðurstaðan að verkefnið sé of kostnaðarsamt m.t.t. þess magns sem berst til Fíflholta. Horft er til hátækni-brennslustöðvar til að leysa málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Hrefna B Jónsdóttir, fundarritari.

Skýrsla stjórnar Sorpurðunar Vesturlands hf.

Ágætu hluthafa og gestir.

Hér á eftir mun ég flytja skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2025.

Á síðasta aðalfundi voru eftirtaldir kosnir í stjórn Sorpurðunar Vesturlands.

Kristinn Jónasson,
Finnbogi Leifsson
Eva Margrét Jónudóttir
Emil K. Sævarsson
Magni Grétarsson
Ómar Örn Kristófersson

Ómar Örn lést í byrjun þessa árs langt um aldur fram og vil ég biðja ykkur ágætu fulltrúar að rísa úr sætum og minnst hans.

Stjórn hélt 4 fundi á starfsárinu.

Árið 2025 er 23. árið sem Sorpurðun Vesturlands hf. skilar umhverfisupplýsingum. Fyrirtækið hefur leitast við að fylgja góðum umgengnisreglum í hvívetna og efla upplýsingakerfi sitt sem grunn að umhverfisupplýsingum þannig að ávallt liggi fyrir sem ítarlegastar upplýsingar um umhverfisáhrif starfseminnar.

Nýtt starfsleyfi urðunarstaðarins í Fíflholtum var gefið út af Umhverfisstofnun 23. desember 2022 og gildir til ársins 2038 og veitir heimild til móttöku og urðunar úrgangs á allt að 25 þúsund tonnum á ári.

Samtals voru urðuð 15.161 tonn af úrgangi í Fíflholtum á árinu 2025. Einnig var tekið við 2.356 tonnum af kurluðu timbri, einkum frá höfuðborgarsvæðinu, og var það notað til yfirlags í urðunarreinum. Heildarmagn móttækis úrgangs og yfirlagsefna var 17.517 tonn.

Í árslok 2025 hafði úrgangur verið urðaður í Fíflholtum í 27 ár og var heildarmagn urðaðs úrgangs frá upphafi þá komið í 314.059 tonn. Þar af hafa 187.438 tonn verið urðuð í rein 4, sem er sá urðunarstaður sem starfræktur er í dag.

Þann 26. janúar 2024 var undirritaður samningur á milli Sorpurðunar Vesturlands hf. og Óskataks ehf. um vinnu við nýja urðunarrein, en Óskatak hafði tryggt sér verkefnið að undangengnu útboði. Lokaúttekt fram þann 18. júlí 2025. Heildarkostnaður við reinina sjálfa var 95% af kostnaðaráætlun, eða 378 m.kr. En því til viðbótar var hönnunarkostnaður og verkefirlit. Reinin er 50 metra breið og 580 metra löng og mun taka við þegar við verðum búin að fylla rein 4 sem verður á þessu ári að öllum líkindum.

Urðunarstaðnum í Fíflholtum er lokað ef hámarksvindur fer yfir 18 m/sek. Alls þurfti að grípa til lokunar 27 sinnum á árinu 2025, þar af átta sinnum hluta úr degi.

Markvisst er unnið að því að hefta fok frá urðunarstaðnum, m.a. með uppsetningu fokvarnargirðinga. Fokgirðingarnar hafa reynst vel við að grípa fokefni. Einnig er stöðugt fylgst með foki og leitast við að hreinsa jafnóðum það sem fýkur.

Árið 2025 var samtals 86.131 kg af metani safnað og brennt í brennarunum samkvæmt rannsókn Resource International. Þetta samsvarar 2.412 tonnum af CO₂eq. Söfnunin árið 2024 var 51.450 kg. Þannig að aukningin milli ára nam 67,4%. Rekstur brennarans gekk mjög vel og var stöðin í rekstri 94% ársins, samanborið við 87% árið 2024. Þennan góða árangur má einkum rekja til vandaðrar vinnu starfsfólks og góðs samstarfs við ReSource. Auk þess voru tíu nýjar söfnunarborholur teknar í notkun á svæðinu árið 2024 og mögulega hefur aukinn stöðugleiki rafmagns einnig haft jákvæð áhrif.

Stjórn Sorpurðunar Vesturlands fékk erindi frá Borgarbyggð þar sem var reifuð sú hugmynd að borga út hluta af því eigi fé sem til er hjá fyrirtækinu. Stjórn hefur skoðað þetta og er á þeirri skoðun að ekki sé skynsamlegt að fara í þessa vegferð þar sem ljóst er að okkar bíða mörg verkefni á næstu árum sem kosta töluverða fjárhæðir og því gott að eiga sjóði til að fjármagna þau verkefni en við munum fara yfir það hér á eftir og skýra út hvers vegna við teljum að þetta sé ekki skynsamlegt.

Við megum ekki gleyma því að sennilega eru sveitarfélög á Vesturlandi að greiða ein lægstu hliðgjöld við afsetningu á sorpi á Íslandi í dag og þar er okkar staða í Fíflholtum mjög mikilvæg, þar sem urðunin er til þess að gera ódýr m.v. flutning á sorpi erlendis.

Ég vil að lokum þakka Hrefnu Bryndísi Jónsdóttur fyrir hennar störf fyrir Sorpurðun Vesturlands, einnig vil ég þakka okkar góðu starfsmönnum í Fíflholtum fyrir þeirra störf.

Læt ég lokið skýrslu stjórnar.
Kristinn Jónasson, formaður stjórnar.

Fundargerð 997. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 17. apríl kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Hjördís Ýr Johnson boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 996. fundar - 2510044SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 996. fundar stjórnar Sambandsins frá 20. mars 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins - 2509148SA

Lagðar fram fundargerðir 7. og 8. fundar umhverfis- og innviðanefndar Sambandsins frá 13. janúar og 3. mars 2026.

3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2509327SA

Lagðar fram fundargerðir 43. og 44. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 21. janúar og 18. febrúar 2026.

4. Menntunar- og velferðarnefnd Sambandsins - 2509140SA

Lögð fram fundargerð 10. fundar menntunar- og velferðarnefndar Sambandsins frá 25. mars 2026.

Stjórn Sambandsins tekur undir með menntunar- og velferðarnefnd um mikilvægi MEMM-verkefnisins, sem miðar að því að efla samræmt verklag og stuðning við móttöku, menntun og inngildingu barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á landsvísu.

Stjórnin hvetur ríkið eindregið til að halda áfram með verkefnið og horfa til framtíðar með auknum fyrirsjáanleika í uppbyggingu og framkvæmd verkefnisins. Jafnframt felur stjórnin fulltrúum Sambandsins að taka virkan þátt í áframhaldandi samtali með heildarhagsmuni sveitarfélaga að leiðarljósi.

5. Brúum bilið leikskóli að loknu fæðingarorlofi - 2509038SA

Aðalhogfræðingur Sambandsins fór yfir tölfræði um leikskólastigið og setti í samhengi við umræðu um lögfestingu réttar barna til leikskólavistar að loknu fæðingarorlofi.

Stjórn þakkar kynninguna og leggur höfuðáherslu á að vönduð umræða fari fram við ríkisvaldið um málið áður en lengra er haldið.

Einar Þorsteinsson vék af fundi kl. 13:30. Hildur Björnsdóttir vék af fundi kl. 13:45.

6. Fagleg stjórn vegna þróunar virðismatskerfis fyrir KÍ - 2509415SA

Sviðsstjóri kjarasviðs Sambandsins gerði grein fyrir stöðu verkefnisins.

7. Úthlutunarlíkön leik- og grunnskóla - aðkoma Sambandsins - 2509495SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra Sambandsins, dags. 15. apríl 2026, um leyfiskaup á IBM leyfum vegna úthlutunarlíkani fjármagns fyrir leik- og grunnskóla - aðkoma Sambandsins.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að halda utan um málið.

8. Þjónustugjöld - 2604013SA

Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á þjónustusviði Sambandsins, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir máli nr. 644/2024 hjá Landsrétti um þjónustugjöld hafna.

Bryndís Gunnlaugsdóttir vék af fundi kl. 14:50.

9. Landsþing 2026 á Akureyri - 2509272SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þjónustusviðs Sambandsins, dags. 18. febrúar 2026, um undirbúning landsþings Sambandsins sem haldið verður á Akureyri dagana 23.-25. september 2026. Sviðsstjóri þjónustusviðs gerði grein fyrir málinu.

10. Tilnefning í sérfræðihóp um samræmda grunnskráningu í félagsþjónustu - 2603001SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 17. mars 2026, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnarsýslusviði Sambandsins, Styrmir Erlingsson, sviðsstjóri velferðarsviðs Mosfellsbæjar, og Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri öldrunarmála á velferðarsviði Reykjavíkurborgar eru tilnefnd í sérfræðihóp um samræmda grunnskráningu í félagsþjónustu.

11. Tilnefning í verkefnisstjórn vegna sameiningu embætta sýslumanna - 2602020SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. mars 2026 þar sem Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, og Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólms, eru tilnefnd í verkefnisstjórn vegna sameiningu embætta sýslumanna.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

12. Tilnefning í starfshóp vegna lagasetningar um rannsóknarnefnd í kjölfar Bakkakotsmálsins og um almennar sanngirnisbætur - 2603016SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 20. mars 2026, þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur Sambandsins, og Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambandsins, eru

tilnefnd í starfshópur vegna lagasetningar um rannsóknarnefnd í kjölfar Bakkakotsmálsins og um almennar sanngirnibætur.

13. **Tilnefning í stýrihóp vegna samráðs við gerð loftslagsstefnu - 2603011SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 10. apríl 2026, þar sem Finnur Ricart Andrason, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefndur sem aðalmaður í stýrihóp vegna samráðs við gerð loftslagsstefnu, og Freyja Pétursdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, til vara.
14. **Tilnefning í starfshóp um heilbrigða vinnustaðamenningu - 2603019SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til Vinnueftirlitsins, dags. 10. apríl 2026, þar sem Rakel Guðmundsdóttir, sérfræðingur á kjarasviði Sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um heilbrigða vinnustaðamenningu.
15. **Tilnefning í svæðisráð um strandsvæðisskipulag fyrir Eyjafjörð - 2602036SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 10. apríl 2026, þar sem Pórir Hákonarson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, er tilnefndur sem aðalmaður í svæðisráð um strandsvæðisskipulag fyrir Eyjafjörð, og Anna Karen Úlfarsdóttir, sveitarstjórnarmaður í Svalbarðstrandarhreppi, til vara.
16. **Tilnefning í svæðisráð um strandsvæðisskipulag fyrir Skjálfandaflóa - 2602036SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 10. apríl 2026, þar sem Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, verkefnastjóri Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, er tilnefnd sem aðalmaður í svæðisráð um strandsvæðisskipulag fyrir Skjálfandaflóa, og Helena Eydís Ingólfssdóttir, sveitarstjórnarmaður í Norðurþingi, til vara.
17. **Tilnefning í starfshóp um mótun ungmennastefnu - 2603017SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 10. apríl 2026, þar sem, Freyja Sigurgeirsdóttir, lögfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í starfshóp um mótun ungmennastefnu, og Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins, til vara.
18. **Endurtilnefning í vinnuhóp um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 190 - 2603021SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 10. apríl 2026 þar sem Rakel Guðmundsdóttir, er tilnefnd í vinnuhóp um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 190.
19. **Umsögn um frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu o.fl. - miðlægur nemendagrunnur - 2603013SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 19. mars 2026, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, lögum um

grunnskóla og lögum um framhaldsskóla (miðlægur nemendagrunnur), 443. mál.

20. Umsögn um þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB 2028-2034 - 2602044SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til utanríkisráðuneytisins, dags. 20. mars 2026, um þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB 2028-2034, mál nr. S-38/2026.

21. Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga - 2603015SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 20. mars 2026, um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 505. mál.

22. Umsögn um flýtingu uppbyggingar raforkuinnviða og einföldun regluverks - 2603022SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 26. mars 2026, um flýtingu uppbyggingar raforkuinnviða og einföldun regluverks, mál nr. S-56/2026.

23. Umsögn um drög að reglugerð um innra eftirlit - 2603024SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 8. apríl 2026, um drög að reglugerð um innra eftirlit, mál nr. S-62/2026.

24. Umsögn um frumvarp til laga um innviðafélag - 2604006SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 10. apríl 2026, um frumvarp til laga um innviðafélag, 535. mál.

25. Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi - 2604005SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 10. apríl 2026, um frumvarp til laga um lagareldi, 529. mál.

26. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun - vindorka og verndarflokkur - 2604011SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 14. apríl 2026, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (vindorka og verndarflokkur), 565. mál.

Fundi var slitið kl. 15:00

Fundargerð 94. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 23. janúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Drög að frumvarpi til laga um lagareldi - óskað umsagnar - 2601003SU

Lögð fram drög að umsögn til umræðu.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga fagnar því að þetta frumvarp sé komið fram en telja eðlilegt að hlutdeild sveitarfélaga sé hærrí en þriðjungur líkt og lagt er til í frumvarpinu. Að öðru leyti vísar stjórn samtakanna til umsagnar um frumvarpið.

2. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax og silungsveiði, lögum um fiskrækt og lögum um fiskræktarsjóð - óskað umsagnar - 2601004SU

Frumvarpið snýr að mestu að fiskrækt en fiskrækt hefur verið stunduð af landeigendum, veiðiréttarhöfum og leigutökum um árabíl og hefur verið þáttur í starfsemi þessara aðila við nýtingu lax- og silungsveiðihlunninda á Íslandi.

Stjórn samtakanna samþykkir að senda ekki inn umsögn.

3. Drög að nýrri reglugerð um strandveiði - óskað umsagnar - 2601002SU

Meðal breytinga sem settar eru fram í reglugerðardrögunum er að skýrari rammi er settur um eignarhald á fiskibátum, útgerðum og lögaðilum sem óska eftir leyfi til strandveiða sbr. reglugerðarheimild í 11. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Stjórn samþykkir að senda ekki inn umsögn þar sem hagsmunir og sjónarmið sveitarfélaga eru ólík og hvetur aðildarsveitarfélög til þess að senda inn umsagnir ef við á.

4. Sjávarútvegsfundur 2026 - 2601001SU

Til umræðu tímasetning og dagskrá Sjávarútvegsfundar.

Formanni stjórnar og starfsmanni falið að vinna málið áfram.

Fundi var slitið kl. 09:00

Fundargerð 95. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 20. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Sjávarútvegsfundur 2026 - 2601001SU**

Sjávarútvegsfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga fer fram á Drift, Strandgötu 1, Akureyri miðvikudaginn 4. mars 2026 kl. 9:30-11:30.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi dagskrá og felur starfsmanni samtakanna að senda út fundarboð til aðildarsveitarfélaga, þingmanna og aðila sjávarútvegs.

Stjórn samtakanna hvetur einnig kjörna fulltrúa aðildarsveitarfélaga til að fjölmenna á fundinn.

Fundi var slitið kl. 08:30

Fundargerð 96. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2026, þriðjudaginn 3. mars kl. 13:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar á Akureyri.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Sjávarútvegsfundur 2026 - 2601001SU

Stjórn fór yfir síðasta undirbúning vegna sjávarútvegsfundar sem haldinn verður 4. mars. Farið var yfir dagskrá og helstu atriði sem snúa að framkvæmd fundarins.

Stjórn þakkar öllum er komu að undirbúningi fundarins fyrir þeirra störf og vonast eftir góðum umræðum um sjávarútvegsfélaga á fundinum.

2. Önnur mál - 2511002SU

Fundi var slitið kl. 14:00

Fundargerð 97. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2026, miðvikudaginn 8. apríl kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Frumvarp til laga um lagareldi, 529. mál - óskað umsagnar - 2604001SU

Drög að umsögn lögð fram til umfjöllunar.

Stjórn samþykkir drög að umsögn með áorðnum breytingum og felur starfsmanni samtakanna að senda umsögnina til Alþingis.

2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði o.fl. 530. mál - óskað umsagnar - 2604002SU

Stjórn telur ekki tilefni til þess að senda inn umsögn um málið.

3. Önnur mál - 2511002SU

Til umræðu var stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða þar sem breyta á sértækri ívilnun og jöfnunarheimild en frumvarpið var lagt fram á þingi þann 16. mars sl.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga gerir athugasemdir við að lagafrumvörp og reglugerðarbreytingar sem varða verulega hagsmuni sveitarfélaga skuli koma fram án þess að fara fyrst í formlegt samráð, s.s. í samráðsgátt stjórnvalda. Slík vinnubrögð draga úr gagnsæi og veikja möguleika sveitarfélaga og annarra hagaðila til að koma sjónarmiðum sínum að áður en ákvarðanir eru teknar.

Stjórnin leggur áherslu á að vandað, tímanlegt og raunverulegt samráð sé lykilsenda vandaðrar lagasetningar og stjórnvaldsákvæðana.

Fundi var slitið kl. 08:30

Fundargerð 481. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2026, þriðjudaginn 17. mars kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Elliði Vignisson.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 480. fundar - 2509016HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 480. fundar stjórnar Hafnasambandsins frá 16. febrúar 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Virðisaukaskattur á hringsiglingaskip - 2601003HA

Farið yfir stöðu mála. Magnús Baldursson, lögmaður hjá Lagastoð, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir mati hans á breyttri túlkun Skattsins á virðisaukaskatt af skemmtiferðaskipum sem eru í hringsiglingum við Ísland.

Stjórn felur starfsfólki að taka saman minnisblað um málið til að upplýsa aðildarhafnir um framkvæmd virðisaukaskatts af skemmtiferðaskipum sem eru í hringsiglingum. Jafnframt var formanni falið að taka málið upp við Samgöngustofu til að breyta skráningum hringsiglingaskipa í Safeseanet.

Magnús Baldursson vék af fundi kl. 11:35.

3. Afmörkun og skilgreining hafnarsvæða - 2509011HA

Lagðar fram leiðbeiningar innviðaráðuneytisins um afmörkun hafnarsvæða, dags. 2026.

Starfsfólki falið að vekja athygli aðildarhafna á leiðbeiningunum og mikilvægi þess að ljúka endurskoðun ákvæða hafnarreglugerða fyrir áramót.

4. Gjaldtaka hafna - mismunandi aflagjöld - 2603001HA

Lagt fram erindi Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda um möguleg brot á jafnræðisreglu og mismunun við gjaldtöku hafna landsins, dags. 19. febrúar 2026. Einnig lagt fram álit Samkeppniseftirlitsins 2/2012, dags. 19. nóvember 2012, um mótun löggjafar um fiskveiðistjórnun - lóðrétt samþætting útgerðar og fiskvinnslu. Í erindi SFÚ hvetur stjórn þeirra stjórn Hafnasambands Íslands til að tryggja að samkeppnissjónarmið ríki við gjaldtöku og tryggja að einn aðili greiði ekki meira en annar fyrir sama verk.

Stjórn þakkar fyrir erindið og vekur athygli á því að innviðaráðuneytið stefnir á endurskoðun á gjaldakfla hafnalaga og munu fulltrúar hafnasambandsins hafa þessi atriði í huga við endurskoðun hafnalaga.

5. Endurskoðun hafnalaga nr. 61-2003 - 2510007HA

Formaður gerði grein fyrir stöðu á endurskoðun hafnalaga.

6. Skýrslan Strandsiglingar í alfaraleið - hvað þarf til? - 2510004HA

Lögð fram skýrslan Strandsiglingar í alfaraleið - hvað þarf til?, dags. í febrúar 2026.

Að fundi loknum fundaði stjórn með Isabelle Ryckbost, framkvæmdastjóra ESPO (Evrópska hafnasambandinu).

Fundi var slitið kl. 12:00

Erindi til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Dagsetning: 10.04.2026

Til: Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Efni: Tillaga um nýtingu félagsheimilisins Rastar fyrir börn og ungmenni

Með erindi þessu er lögð fram tillaga að samstarfsverkefni sem felur í sér aukna og markvissa nýtingu félagsheimilisins Rastar í þágu barna og ungmenna í Snæfellsbæ. Markmið verkefnisins er að skapa lifandi, aðgengilegt og uppbyggilegt rými þar sem ungt fólk getur komið saman, tekið þátt í fjölbreyttum viðburðum og þróað hæfni sína á sviði lista, menningar og félagsstarfs.

Hugmyndin felur í sér að salur félagsheimilisins verði nýttur fyrir skipulagða starfsemi, svo sem viðburði, æfingar og skapandi verkefni á borð við tónlist, leiklist og kvikmyndasýningar. Með því væri unnt að efla þjónustu við ungt fólk í sveitarfélaginu og stuðla að aukinni félagslegri þátttöku og virkni.

Gert er ráð fyrir að Halldóra Kristín Unnarsdóttir hafi umsjón með verkefninu og beri ábyrgð á daglegu utanumhaldi, þar á meðal að tryggja að húsnæðið sé hreint og snyrtilegt eftir notkun. Einnig er lagt til að komið verði upp rafrænu bókunarkerfi sem auðveldar aðgengi og tryggir gagnsæi í notkun húsnæðisins. Starfsemin yrði unnin í samstarfi við félagsmiðstöðina Afdrep þar sem ungmenni fá tækifæri til að taka virkan þátt í skipulagningu og framkvæmd viðburða með stuðningi starfsfólks.

Mat á verkefninu

Kostir verkefnisins felast meðal annars í aukinni þjónustu við ungmenni, bættri nýtingu félagsheimilisins og eflingu félagslífs og menningarstarfs í sveitarfélaginu. Verkefnið getur haft jákvæð áhrif á líðan og félagsfærni ungmenna og styrkt tengsl þeirra við nærumhverfi sitt.

Helstu áskoranir felast í þörf fyrir skýrt skipulag, reglur um notkun húsnæðisins, eftirlit og viðhald. Einnig þarf að huga að kostnaði og tryggja jafnt aðgengi allra hópa að aðstöðunni.

Tímasetning og næstu skref

Ef tillagan verður samþykkt er gert ráð fyrir að hægt verði að hefja starfsemi haustið 2026, að loknum undirbúningi, reglusetningu og innleiðingu bókunarkerfis.

Virðingarfyllt,

Halldóra Kristín Unnarsdóttir

Áskorun til þeirra sem bjóða fram til sveitastjórnarkosninga sem fara fram laugardaginn 16. maí næstkomandi.

Í aðdraganda kosninga er alþekkt að hefðbundnar sem óhefðbundnar leiðir eru farnar til að ná til kjósenda, sérstaklega þeirra er kjósa í fyrsta skipti. Mikið er um skemmtanir sem höfða til ungs fólks t.d tónleikar ofl. Það er sjálfsagt mál að kynna fyrir unga fólkinu hvaða kostir eru í boði og fyrir hvað flokkarnir standa. Heiðarleg kosningarbarátta er hin besta skemmtun.

Um leið og við fögnum þátttöku ungs fólks í kosningabaráttunni hvetjum alla þá er standa að framboðum og eru í forsvari fyrir kosningaskrifstofur að fara eftir **Áfengislögum** en í **VI. kafla um meðferð og neyslu áfengi segir:**

18. gr. Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Ávallt þegar ástæða er til að ætla að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri skal sá sem selur, veitir eða afhendir það láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Á sama hátt beinum við þeim tilmælum til ykkar að unglingar undir lögaldri fái ekki aðgang að samkomum á ykkar vegum þar sem áfengi er haft um hönd.

*Með vinsemd,
Forvarnateymi Snæfellsnes*

Kristinn Jónasson

From: Bryndís Gunnlaugsdóttir <bryndis.gunnlaugsdottir@samband.is>
Sent: miðvikudagur, 8. apríl 2026 20:07
To: Jón Páll Hreinsson; dagmar.stefansdottir@mulathing.is; Sveitarstjóri Dalabyggð; Jóna Árný Þórðardóttir; Hulda Kristjánsdóttir; Guðrún P. Ólafsdóttir; Pétur Arason; Langanesbyggð Sveitarfélög (langanesbyggd@langanesbyggd.is); Einar Freyr; Katrín Sigurjónsdóttir; Jón G. Valgeirsson; Sigríður Júlía Brynleifsdóttir; sveitarstjóri; Sigfús Ingi Sigfússon; Skrifstofa Vogar; thorgeir@strandabyggd.is; bragi; Sigurjón Andrésson; Gerður Sigtryggsdóttir; Tjörneshreppur (skrifstofa@tjorneshreppur.is); Valdimar O. Hermannsson
Cc: Íris Róbertsdóttir; Kristinn Jónasson; Björg Ágústsdóttir; Gerður B. Sveinsdóttir; Björn Ingimarsson; Valdimar Hermannsson
Subject: Umsagnir frá stjórn SSKS
Attachments: Dreifbýli_SSKS_umsögn_samradsgatt_april2026.pdf; Raforkueftirlit_SSKS_umsögn_samradsgatt_april2026.pdf

Sent til aðildarsveitarfélaga Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.


Góðan daginn

Meðfylgjandi eru tvær umsagnir stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum sem voru sendar í samráðsgátt í vikunni.

Drög að breytingu á reglugerð um framkvæmd raforkulaga – frestur til að senda inn umsögn rann út 7. apríl. Málið snýr að breytingum á reglugerð um dreifbýlisgjaldskrá raforku og hvernig ákveðið er hvaða svæði falla undir hana. SSKS fagnar því að kerfið sé tekið til endurskoðunar og telur breytingarnar vera skref í rétta átt, en leggur áherslu á að sveitarfélög fái raunverulega aðkomu, að svæði sem nú njóta almennrar gjaldskrár missi hana ekki án skýrra raka, að skipulögð uppbyggingarsvæði sitji ekki verr að vígi og að tryggður verði meiri fyrirsjáanleiki og réttlátara jöfnunarkerfi fyrir notendur á köldum svæðum.

Breytingar á raforkulögum (verkefni Raforkueftirlitsins) – frestur til að senda inn umsögn er til 10. apríl. Málið snýr að breytingum á raforkulögum sem eiga að efla hlutverk og sjálfstæði Raforkueftirlitsins, auka gagnsæi og styrkja umgjörð um tekjumörk og gjaldskrár. Afstaða SSKS er jákvæð í grunninn, en samtökin leggja áherslu á að breytingarnar leiði ekki til meiri óvissu um uppbyggingu raforkukerfisins eða aukins kostnaðar sem lendi þyngst á sveitarfélögum, íbúum og atvinnulífi á köldum svæðum, og að byggðasjónarmið, jafnræði og gott samráð verði tryggð við framkvæmd málsins.

Bestu kveðjur
Bryndís



Bryndís Gunnlaugsdóttir
Lögfræðingur • Þjónustusvið
Samband íslenskra sveitarfélaga • Icelandic Association of Local Authorities
Sími / Tel.: (+354) 515 4900 // (+354) 898 5373 • www.samband.is •
thjonusta@samband.is // bryndis@samband.is
[Lagalegur fyrirvari](#) • [Legal Disclaimer](#)

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 7. apríl 2026

2601002SK BG
Málalykill: 60.21

Efni: Drög að breytingu á reglugerð um framkvæmd raforkulaga – S-66/2026

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum fagnar því að ráðuneytið hafi lagt fram drög að breytingum á fyrirkomulagi dreifbýlisgjaldskrár, enda hafa samtökin um nokkurt skeið lagt áherslu á nauðsyn þess að endurskoða gildandi kerfi. Það er jákvætt að leitast sé við að skýra málsmeðferð, forsendur og gagnagrundvöll ákvarðana um slíka gjaldskrá.

Samtökin telja að breytingarnar séu skref í rétta átt en mikilvægt er þó að útfærsla reglugerðarinnar tryggji að sjónarmið sveitarfélaga og þeirra samfélaga sem málið varðar fái raunhæft vægi við mat og afmörkun svæða, enda geta skipulagsforsendur, byggðaðpróun og staðbundnir innviðir haft veruleg áhrif á niðurstöðu um gjaldtöku. Samtökin telja því rétt að skýrar verði kveðið á um aðkomu sveitarfélaga við mat á afmörkun svæða og endurskoðun þeirra.

Samtökin leggja jafnframt áherslu á að sú heimild sem er í gildandi reglugerð til að láta almenna gjaldskrá gilda á tilteknum svæðum innan dreifbýlissvæða haldist áfram í reglugerðinni. Um er að ræða mikilvæga vernd fyrir svæði sem vegna stærðar, nálægðar við afhendingarstað og raforkunotkun hafa eðlilega átt undir almenna gjaldskrá, þrátt fyrir að vera innan svæðis sem að öðru leyti fellur undir dreifbýli. Falli þessi heimild brott opnast sá möguleiki að svæði sem í dag njóta almennrar gjaldskrár geti síðar færst yfir í dreifbýlisgjaldskrá, með tilheyrandi kostnaðarhækkunum fyrir heimili, atvinnulíf og samfélög. Að mati samtakanna er því mikilvægt að áfram verði kveðið á um að almenn gjaldskrá megi gilda á ákveðnu svæði innan dreifbýlissvæðis þegar málefnaleg og skýr skilyrði eru uppfyllt. Þ.e.a.s. samtökin leggja til að eftirfarandi málsgrein verði áfram til staðar í reglugerðinni með smávægilegum breytingum (sjá yfirstrikun og rautt letur).

Innan dreifbýlissvæða skv. 6. mgr. er dreifiveitu heimilt að láta almenna gjaldskrá, sbr. 1. mgr., gilda á ákveðnu svæði enda sé annað neðangreindra skilyrða uppfyllt:

- 1. Svæðið sé skilgreint sem byggðakjarni samkvæmt Hagstofu Íslands með a.m.k. 50 íbúum, fjarlægð frá afhendingarstað flutningsfyrirtækisins sé innan við 10 kílómetrar og heildarraforkunotkun á svæðinu sé a.m.k. 82 GWst á ári.*
- 2. Svæðið sé skilgreint sem iðnaðarsvæði með a.m.k. 10 notendur—og hafnaraðstöðu, fjarlægð frá afhendingarstað flutningsfyrirtækisins sé innan við 10 kílómetrar og heildarraforkunotkun á svæðinu sé a.m.k. 82 GWst á ári.*

Samtökin telja jafnframt mikilvægt að skýrt verði tekið fram að þegar um er að ræða skipulagt svæði eða skilgreint uppbyggingarsvæði, svo sem hverfi eða svæði þar sem fyrir liggur samþykkt skipulag fyrir tiltekinn fjölda bygginga eða lóða, verði ekki miðað við að full uppbygging hafi þegar átt sér stað áður en almenn gjaldskrá getur gilt. Að öðrum kosti er hætt á að fyrsti notandi á slíku svæði beri í reynd ósanngjarnan hluta stofnkostnaðar við tengingu, þótt ljóst sé frá upphafi að svæðið sé ætlað til frekari uppbyggingar og fleiri notenda. Þetta er mikilvægt til að koma í veg fyrir að sá sem fyrstur tengist á skipulögðu svæði verði látinn bera kostnað sem eðlilegra er að dreifist á það svæði sem skipulag og uppbygging taka til.

Þá telja samtökin mikilvægt að við framkvæmd reglugerðarinnar verði tryggt að ekki skapist ófyrirsjáanleiki eða óstöðugleiki fyrir íbúa og atvinnulíf á þeim svæðum sem undir kunna að falla. Fyrirsjáanleiki í gjaldröku skiptir verulegu máli fyrir heimili, rekstur fyrirtækja og opinbera þjónustu, ekki síst á köldum svæðum þar sem raforka er stór kostnaðarliður. Af þeim sökum er mikilvægt að þau viðmið sem stuðst er við, við mat á svæðum og kostnaði verði skýr, gagnsæ og stöðug eftir því sem unnt er.

Samtökin leggja jafnframt ríka áherslu á að samhliða þessari breytingu verði unnið hratt og markvisst að innleiðingu öflugs jöfnunarkerfis sem geti jafnað þann kostnaðarmun sem leiðir af dreifingu raforku um landið. Slíkt er lyklatríði ef tryggja á að breytingar á regluverki leiði ekki til þess að heimili, atvinnulíf og grunnþjónusta í dreifðari byggðum búi áfram við lakari skilyrði en ella. Hafa þarf í huga að ef stærri svæði falla utan dreifbýlisgjaldsskrár eru færri notendur eftir sem eiga að standa undir kostnaði dreifbýlis. Einnig þarf að tryggja að slíkt jöfnunarkerfi skili raunverulegri jöfnun til notenda.

Að lokum vilja samtökin leggja áherslu á að til lengri tíma sé mikilvægt að horfa til einfaldara og réttlátara kerfis við gjaldröku fyrir dreifingu raforku. Náttúruauðlindir landsins, sem raforkuframleiðslan byggir á, eru þjóðareign og eru að verulegu leyti staðsettar í dreifðum byggðum. Það er því eðlilegt að stjórnvöld stefni að því að jafna aðstöðu landsmanna frekar en að viðhalda skipan sem byggir á aðgreiningu milli þéttbýlis og dreifbýlis við gjaldröku. Samtökin telja rétt að unnið verði að einfaldara og samræmdara kerfi þar sem landið er í auknum mæli hugsað sem eitt kerfi, fremur en safn aðskilinna gjaldsvæða, og að sá undirbúningur hefjist sem fyrst með hliðsjón af þeim heimildum og takmörkunum sem leiða af EES-rétti.

Virðingarfyllst
Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum

Íris Róbertsdóttir,
Vestmannaeyjum

Björg Ágústsdóttir,
Grundafjarðarbæ

Valdimar O. Hermannsson,

Björn Ingimarsson,
Múlaþingi

Kristinn Jónasson,
Snæfellsbæ

Gerður Björk Sveinsdóttir,
Vesturbyggð

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 7. apríl 2026

2601002SK BG
Málalykill: 60.21

Efni: Breytingar á raforkuklögum (verkefni Raforkueftirlitsins) – S-58/2026

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum fagnar því að með frumvarpinu sé leitast við að efla sjálfstæði og eftirlitshlutverk Raforkueftirlitsins, auka gagnsæi og styrkja umgjörð um tekjumörk og gjaldskrár. Samtökin telja mikilvægt að slíkar breytingar stuðli að auknu trausti, bættri yfirsýn og sanngjarnari framkvæmd á raforkumarkaði.

Stjórn samtakanna vill þó áréttta mikilvægi þess að breytingarnar leiði ekki til aukinnar óvissu um uppbyggingu og fjárfestingu í dreifi- og flutningskerfum, né heldur til aukins kostnaðar sem að endingu kann að leggjast með þyngri hætti á sveitarfélög, íbúa og atvinnulíf á köldum svæðum. Sérstaklega er mikilvægt að við framkvæmd laganna verði gætt að byggðasjónarmiðum, jafnræði notenda um land allt og skýru samráði við þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta.

Stjórn samtakanna lýsir sig reiðubúna til áframhaldandi samráðs um málið.

Virðingarfyllt

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum

Íris Róbertsdóttir,
Vestmannaeyjum

Björg Ágústsdóttir,
Grundafjarðarbæ

Valdimar O. Hermannsson,

Björn Ingimarsson,
Múlaþingi

Kristinn Jónasson,
Snæfellsbæ

Gerður Björk Sveinsdóttir,
Vesturbyggð

Kristinn Jónasson

From: Leyfi - SMV <vesturland.leyfi@sylumenn.is>
Sent: mánudagur, 4. maí 2026 14:34
To: Kristinn Jónasson; Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar; Slökkvilið Snæfellsbæjar; Heilbrigðiseftirlit Vesturlands; Vinnueftirlitið - VER; Vesturland - Opinbert netfang stefan@welcome.is
Cc:
Subject: FS: Umsagnarb. rek. G.II-North Star Apartments Rif, Hafnargata 11, Rifi, 360 Hellissandur
Attachments: Ums.b.rek.G.II-North Star Apartments Rif,Hafnargata 11,Rif,360 H.pdf; North Star apartments Rif, Hafnargata 11,Rifi_Umsókn og teikning_LGREK016029.pdf

Góðan dag umsagnaraðilar

Meðfylgjandi umsagnarbeiðni var upphaflega send ykkur til umsagnar 28. janúar 2021, einn umsagnaraðili krafðist úrbóta sem ekki voru kláraðar og því dagaði þetta mál uppi. Nú hefur Stefán Aðalsteinsson f.h. umsækjanda Welcome Iceland ehf óskað eftir að rekstrarleyfisumsóknin verði endurvakin.

Í framhaldi af því sendi ég því aftur þessa umsagnarbeiðni til allra umsagnaraðila ásamt afriti umsóknar og teikningu til allra umsagnaraðila.

Ég óska annars vegar eftir að þeir umsagnaraðilar sem þegar höfðu gefið jákvæðar umsagnir þ.e. Sveitarstjórn Snæfellsbæjar, Lögreglustjórnin á Vesturlandi og Vinnueftirlitið staðfesti þær umsagnir sínar. Og hins vegar óska ég eftir umsögnum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, slökkviliðs Snæfellsbæjar og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar.

Með kveðju / Best regards

Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs

Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland

Heimilisfang / Address: Kirkjubraut 28 • 300 Akranes • Iceland

beinn sími/Direct tel.: +(354) 458 2352

Sími / Tel.: +(354) 458 2300

Vefur / URL: www.sylumenn.is • [Fyrirvari - Disclaimer](#) | [Sylumenn \(island.is\)](http://Sylumenn.island.is)

Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundir. Ef þú átt erindi á skrifstofu embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.

From: Daðey Þóra Ólafsdóttir - SMV

Sent: 28. janúar 2021 13:36

To: 'Heilbrigðiseftirlit Vesturlands' <eftirlit@hev.is>; 'vinnueftirlit@ver.is' <vinnueftirlit@ver.is>; 'kristinn@snb.is' <kristinn@snb.is>; 'Davíð Viðarsson' <david@snb.is>; 'slökkvilid@snb.is' <slökkvilid@snb.is>; 'snaefellsbaer@eldvarnaeftirlit.is' <snaefellsbaer@eldvarnaeftirlit.is>; 'vesturland@logreglan.is' <vesturland@logreglan.is>

Subject: Umsagnarb. rek. G.II-North Star Apartments Rif, Hafnargata 11, Rifi, 360 Hellissandur

Til umsagnaraðila

Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist umsókn Welcome Iceland ehf kt.500714-0690, um rekstrarleyfi gististaðar í flokki II, stærra gistiheimili, sem rekið verður sem North Star Apartments Rif, að Hafnargötu 11 (F2321156), Rifi 360 Hellissandi. Um er að ræða nýjan rekstur og rekstraraðila þar sem North Star apartments ehf kt.530813-0880 hafði áður rekstrarleyfi LG-REK-014349 vegna North Star Apartments, sem gefið var út ótímabundið 13.3.2019.

Hjálagt fylgir umsóknin ásamt teikningum og umsagnarbeiðni.

Óskað er umsagnar viðtakenda þessa pósts.

kveðja
Daðey.

Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs
Sýslumaðurinn á Vesturlandi - Akranesi
sími 458 2352
dadey@sylumenn.is



Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Umsagnaraðilar

skv. 4. mgr. 10.gr. laga nr. 85/2007

og 1. mgr. 26. gr. rgl. 1277/2016

Akranesi, 28. janúar 2021

North Star Apartments Rif – Hafnargata 11 (F2321156), Rifi, 360 Hellissandur

Welcome Iceland ehf kt.500714-0690 hefur sótt um leyfi til þess að reka gististað í flokki II, stærra gistiheimili, sem rekið verður sem North Star Apartments Rif, að Hafnargötu 11 (F2321156), 360 Hellissandur.

Um er að ræða nýjan rekstraraðila þar sem North Star apartments ehf kt.530813-0880 hafði áður rekstrarleyfi LG-REK-014349 vegna North Star Apartments sem gefið var út ótímabundið frá 13.3.2019.

Umsóknin ásamt teikningum fylgir hér með.

Hér með er óskað umsagna neðangreindra aðila skv. fyrimælum 10. gr. laga nr. 85/2007.

Umsagna er óskað eigi síðar en **15. mars** n.k. sbr. 2. mgr. 26.gr. rgl. 1277/2016 en þar segir;

„Umsagnir framangreindra aðila eru bindandi og skulu að jafnaði veittar eigi síðar en 45 dögum frá móttöku erindis leyfisveitanda þar að lútandi. Berist umsagnir ekki innan þess frests sem leyfisveitandi tilgreinir er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi“.


Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrímel 3, 301 Akranes eftirlit@hev.is

Vinnueftirlit ríkisins

vinnueftirlit@ver.is

Snæfellsbær, bæjarstjóri

Kristinn Jónasson, kristinn@snb.is

Snæfellsbær, skipulag-og byggingafulltrúi

Davíð Viðarsson, david@snb.is

Slökkvilið Snæfellsbæjar

slökkvilid@snb.is; snæfellsbaer@eldvarnaeftirlit.is

Lögreglustjórnin á Vesturlandi

vesturland@logreglan.is



Sýslumaðurinn á Vesturlandi



Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð

Umsækjandi:		
Nafn einstaklings eða lögaðila: Welcome Iceland	Kennitala: 5007140690	Netfang: stefan@welcome.is
Heimilsfang: Bíldshöfði 12	Póstnúmer og staður: 110 Reykjavík	Sími / Símar: 8980187/4871212
Virðisaukaskattsnúmer (VSK nr.): 137851		

Forsvarsmáður (sem ber ábyrgð á rekstrinum):		
Fullt nafn: Stefán Aðalsteinsson	Kennitala: 2905775439	Netfang: stefan@welcome.is
Lögheimili: Lambastekkur 3	Póstnúmer og staður: 109 Reykjavík	Sími / Símar: 8980187

Upplýsingar um gististað:		
Heiti gististaðar: North Star Apartments Rif	Netfang: stefan@welcome.is	
Heimilsfang (starfsstöð): Hafnargata 11 Rífi	Póstnúmer og staður: 360 Hellisandur	Sími / Símar: 4871212
Fasteignanúmer: <i>F2321156</i>	Áætlaður fjöldi starfsmanna (aðrir en eigendur): 1-2	
Er sótt um leyfi til útveitinga?	Já: <input type="radio"/> Nei: <input checked="" type="radio"/>	Fjöldi gesta: <i>45</i> 26 <i>26</i>
Afgreiðslutími áfengis (ef við á):	Virka daga frá kl:	til kl: Aðfaranætur frídaga frá kl:] til kl:
Afgreiðslutími útveitinga (ef við á):	Virka daga frá kl:	til kl: Aðfaranætur frídaga frá kl: til kl:

Hakið við flokk gististaða sem sótt er um leyfir fyrir. Leyfisgjald miðast við flokk staðar og skal greitt við afhendingu umsóknar. Flokkun gististaða: (Tekur mið af því hvort samhliða gistingu séu boðnar veitingar með eða án áfengis).

<input checked="" type="checkbox"/> Flokkur II	Gististaður án veitinga.	kr. 32.000.-
<input type="checkbox"/> Flokkur III	Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.	kr. 40.000.-
<input type="checkbox"/> Flokkur IV	Gististaður með áfengisveitingum.	kr. 263.000.-

Tegundir gististaða – Gististaðir skiptast í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu fyrir gesti.		
<input type="checkbox"/> A	Hótel	Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin baðstaða skal vera með hverju herbergi.
<input checked="" type="checkbox"/> B	Stærra gistiheimili	Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
<input type="checkbox"/> C	Minna gistiheimili	Gististaður með takmarkaða þjónustu. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gert krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
<input type="checkbox"/> D	Gistiskáli	Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfugaheimili (hostel).
<input type="checkbox"/> E	Fjallaskálar	Gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús.
<input type="checkbox"/> F	Íbúðir	Íbúðahúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma sbr. 2 gr. reglugerðar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannaíbúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskildar.
<input type="checkbox"/> G	Fristundahús	Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarféлага og starfsgreinafélaga, eru undanskilin.

Gögn sem þurfa að liggja fyrir við afgreiðslu umsókna. Sýslumaður getur, ef óskað er, lagt til gögn skv. liðum b, d, e og g (gjöld til ríkissjóðs). Merkið við þau gögn sem umsækjandi lætur fylgja. Æskilegt er að umsókn fylgi staðfesting á fyrirsvari lögaðila.

Sé umsækjandi lögaðili skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið:	Sé umsækjandi einstaklingur skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið:
a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar. b) Búsetuvottorð fyrir forsvarsmenn umsækjenda. c) Vottorð um búsföræði fyrirtækis og forsvarsmanns þess. d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri. e) Sakavottorð forsvarsmanns. f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum. g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu umsækjanda og forsvarsmanns hans. h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu. i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis. j) Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á.	a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar. b) Búsetuvottorð. c) Vottorð um búsföræði. d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri. e) Sakavottorð. f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu sína gagnvart lífeyrissjóðum. g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu. h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu. i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis. j) Staðfesting fyrri leyfishaf um að hann hafi hætt rekstri, ef við á.

Athugasemdir umsækjanda:


Hafnargata 11 Rífi, fastanr: F2321156
Fjöldi gesta í gistingu ~~2~~ 26

Öskast eftir bráðunhingsmuleyfi á grundvelli eldru leyfis.

Staðfesting:

Með því að haka í þennan reit óska ég þess að sýslumaður afli þeirra gagna samkvæmt liðum b, d, e, og g.

Undirskrift:

Staður og dagsetning: 27 Janúar 2021	Undirskrift umsækjanda: 
---	---

Staður og dagsetning:	Undirskrift forsvarsmanns eða umboðsmanns umsækjanda:
-----------------------	---

Upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn:

Liggi starfsleyfi heilbrigðiseftirlits ekki fyrir þegar sótt er um rekstrarleyfi getur umsækjandi sótt um slíkt leyfi samhliða umsókn um rekstrarleyfi. Umsókn um starfsleyfi má nálgast á vef heilbrigðisnefnda í því umdæmi sem starfsemi er fyrirhuguð. Upplýsingar um heilbrigðiseftirlitssvæðin má finna á vef Umhverfisstofnunar <https://www.ust.is/atvinnulif/heilbrigðiseftirlit/heilbrigðiseftirlitssvaedin/>

Ekki er nauðsynlegt að leggja fram búsetuvottorð í þeim tilvikum þegar umsækjandi er íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í slíkum tilvikum getur sýslumaður aflað gögnum um búsetu ef óskað er.

Búsföræðisvottorð fæst hjá héraðsdómstól í því umdæmi sem umsækjandi er með skráð lögheimili. Sækja má um það rafrænt á vef héraðsdómstóla <https://www.domstolar.is/>

Staðfestingu Ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri má sækja rafrænt á <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/>

Sakavottorð má sækja hjá embættum sýslumanna. Sakavottorð kostar kr. 2.500,-

Yfirlýsingu um skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is

Vottorð um skuldastöðu frá innheimtumanni ríkissjóðs má nálgast á skrifstofu sýslumanns. Að beiðni getur sýslumaður kannað hvort að þetta skilyrði sé uppfyllt við móttöku umsóknar


Samþykka teikningu af húsnæði má nálgast hjá byggingafulltrúa í því sveitafélagi er fasteign er staðsett.

Eyðublað um staðfestingu frá fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is


MÖTTEKIB
 11. FEB. 2007
 Byggingarkulturnin í Suðurlánda
 77. JAN 2007
 Landeigandi & höfundur myndarinnar
 Alþjóðlegur
 Byggingarkulturnin í Suðurlánda

ATH:
 Öll mál á hurðum t.d. 0,80m
 eru umferðarmál
 Mennugætt
 BO Mesta björgunarskipti
 RS Mesta reykingamynting
 BS 20m skiladeildur innviðsbyggingu 25m
 GA Mesta gætt
 GK Mesta gætt
 GK Mesta gætt með gegnumgöngum

Al-Hönnun ehf Hönnun og myndun Gata 102, 101. Akureyri Sími 462 2023, f. 411 5443 F. 46070-3440	GISTHEIMILIHÓTEL HAFNARGATA 11 BREYTINGAR 1. HÆÐ OG Á ÚTLITI Landshæð: 30.200 Byggingarátt: 871-01-0801000 ADALMIPPORÁTTUR GRUNNMÝNDIR 2. OG 3. HÆDA
Hönnuð af: JPS Tilk. af: A. Jónsson Verkið af: Ö. Jónsson Byggingarátt: 11.12.2016 Skýring:	Skilgreining: 1:100 Dátum: 11.12.2016 Númer: 103 A



1 HÆÐ 3
1:100



2 HÆÐ 2
1:100

Skv. 01-hönnun byggisins 201616154, Hæðir 1-11, Gistheimilíhótel, Hafnargata 11, Akureyri. Hönnuð af Al-Hönnun ehf.

Kristinn Jónasson

From: María Ágústsdóttir <Maria.Agustsdottir@kirkjan.is>
Sent: mánudagur, 27. apríl 2026 12:51
To: Snæfellsbær
Subject: Til upplýsinga - frá héraðsfundi Vesturlandsprófastsdæmis

Some people who received this message don't often get email from maria.agustsdottir@kirkjan.is. [Learn why this is important](#)

Ágæti viðtakandi.

Vesturlandsprófastsdæmi er stjórnsýslueining innan þjóðkirkjunnar sem nær yfir sama svæði og sveitarfélögin á Vesturlandi.

Sjö prestaköll eru innan Vesturlandsprófastsdæmis. Þau skiptast í 40 sóknir sem 11 prestar þjóna.

- Garða- og Saurbæjarprestakall (Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit) 4 sóknir, þrjú prestar
- Borgarfjarðarprestakall (Borgarbyggð og Skorradalshreppur) 14 sóknir, þrjú prestar
- Staðarstaðarprestakall (Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær að hluta) 6 sóknir, einn prestur
- Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall (Snæfellsbær) 2 sóknir, einn prestur
- Setbergsprestakall (Grundarfjarðarbær) 1 sókn, einn prestur
- Stykkishólmsprestakall (Stykkishólmsbær) 6 sóknir, einn prestur
- Dalaprestakall (Dalabyggð) 7 sóknir, einn prestur

Héraðsfundur Vesturlandsprófastsdæmis er árlegur aðalfundur sóknanna. Hann sitja tveir fulltrúar hverrar sóknar ásamt prestum prófastsdæmisins. Héraðsnefnd er framkvæmdanefnd prófastsdæmisins. Hana skipa prófastur, sem er formaður, ásamt einum presti og einum sóknarnefndarmanni. Nýr prófastur tók við 1. nóvember 2025, undirrituð, sr. María G. Ágústsdóttir, sóknarprestur í Borgarfjarðarprestakalli. Sr. Ólöf Margrét Snorradóttir, nú sóknarprestur á Akranesi er ritari nefndarinnar og Brynjólfur Guðmundsson í Hlöðutúni, formaður sóknarnefndar Stafholtssóknar, er gjaldkeri héraðsnefndar.

Að frumkvæði sóknarnefndar Akranessóknar var eftirfarandi ályktun samþykkt á héraðsfundi 2026 sem haldinn var í Búðardal í gær, sunnudaginn 26. apríl. Þar sem orðum er beint til sveitarstjórnarfólks, auk þingmanna sem fulltrúa fjárveitingarvaldsins, viljum við koma ályktuninni á framfæri við sveitarfélögin á Vesturlandi sem við lítum á sem bandamenn í velferðar- og mannræktarstarfi í þágu blómlegs lífs og velferðar á Vesturlandi.

Ályktunin er svohljóðandi:

Ályktun

Héraðsfundur Vesturlandsprófastsdæmis 2026 haldinn sunnudaginn 26. apríl í Búðardal fer fram á að Alþingi leiðrétti sóknargjöld við vinnslu og samþykkt fjárlaga fyrir árið 2027.

Sóknargjöld hafa lítið eða ekki hækkað milli ára og hefur svo verið í langan tíma. Vegna þessa er fjárhagur sókna á Vesturlandi orðinn mjög bágur.

Greinargerð

Starf sóknanna í héraðinu er ein af grunnstoðum kirknanna og er ætlað mikilvægt hlutverk í velferðar- og þjónustusamfélögum héraðsins. Og er nú svo komið að margar sóknir standa frammi fyrir miklum vanda í rekstri og viðhaldi á kirkjum og safnaðarheimilum vegna fjárskorts.

Mikilvægt er að þingmenn kjördæmisins og sveitarstjórnarfolk í héraðinu láti þessi mál sig varða og taki á þessu föstum tókum. Að minnsta kosti 16 sinnum hefur komið inn bráðabirgðaákvæði í lög um sóknargjöld sem kveður á um lægri sóknargjöld en 2. gr. laganna kveður á um.

Mikil þjónusta og mannræktarstarf er unnið í söfnuðum héraðsins og hundruðir sjálfboðaliða koma að þessu starfi. Það er mikilvægt að allt þetta starf megi áfram verða samfélaginu öllu að gagni og það brotni ekki. Til þess að svo megi verða - verður hér að verða bragabót á.

Mikill menningararfur er hér í húfi.

Fyrir hönd héraðsnefndar Vesturlandsprófastsdæmis,
með góðum kveðjum,

María G. Ágústsdóttir

Sóknarprestur og prófastur

 **Þjóðkirkjan**

Borgarfjarðarprestakall / Vesturlandsprófastsdæmi

Reykholtskirkju

320 Reykholt

s. 867 0647

www.kirkjan.is

Vinsamlegast meðhöndlið þennan póst sem trúnaðarmál.

Samþykktir

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga bs.

1. gr.

Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur reka saman Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs. Byggðasamlagið er stofnað á grundvelli 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 2. mgr. 5. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, 28. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

2. gr.

Samlagið heitir Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga bs. Er í samþykktum þessum jafnframt vísað til þess með skammstöfuninni "FSS". Heimili þess og varnarþing er á Hellissandi, Snæfellsbæ.

3. gr.

Tilgangur og hlutverk FSS er að annast skipulag og framkvæmd verkefna sem skylt er skv. neðangreindum lögum ásamt síðari breytingum sem á þeim kunna að verða og samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa:

1. Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
2. Lögum um grunnskóla nr. 91/2008.
3. Lögum um leikskóla nr. 90/2008.
4. Lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

FSS veitir Borgarbyggð og Barnaverndarþjónustu Vesturlands jafnframt þjónustu vegna barnaverndarmála á grundvelli þjónustusamnings um þá þjónustu.

4. gr.

Aðalfund skal halda einu sinni á ári, eigi síðar en í júnímánuði. Fer hann með æðsta vald í málefnum byggðasamlagsins. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna. Aðalfund skal stjórn byggðasamlagsins boða með tveggja vikna fyrirvara. Dagskrá fundarins og ársreikningur skal fylgja fundarboði eða berast sveitarstjórnnum eigi síðar en viku fyrir boðaðan fund. Aðalfundur er lögmaður sé hann löglega boðaður, bréflaga eða í rafrænu formi.

Aðalfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur, hafi löglega verið til hans boðað og meirihluti fulltrúa aðildarsveitarfélaganna er mættur.

Á dagskrá aðalfundar skulu vera eftirtaldir liðir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Afgreiðsla reikninga
4. Tilnefning stjórnar samkvæmt 1. mgr. 5. gr.
5. Kosning endurskoðanda
6. Önnur mál

Aukafundi skal halda ef einn stjórnarmaður eða þriðjungur þeirra sem rétt eiga til fundarsetu óskar þess og skulu þeir boðaðir með dagskrá með a.m.k. viku fyrirvara.

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi og aukafundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða fulltrúa aðildarsveitarfélaganna.

Tillaga að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins skal tekin fyrir ef tillaga um breytingar hefur komið fram með löglegum fyrirvara fyrir aðalfund. Tillaga að breytingu á samþykktum skal fylgja fundarboði eða send rafrænt til framkvæmdastjóra allra aðildarsveitarfélaganna og verkefnastjóra í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfnast samþykkis 2/3 hluta atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi.

Tillaga um að starfsemi byggðasamlags sé hætt nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest af 2/3 hlutum sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins. 2/3 hlutar stjórnarmanna í byggðasamlagi eða 2/3 hlutar fulltrúa á aðalfundi byggðasamlags, sé slíkur fundur haldinn, geta krafist atkvæðagreiðslu í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga um slit byggðasamlags.

5. gr.

Í stjórn byggðasamlagsins skulu sitja þrjú fulltrúar; einn skv. tilnefningu bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar, einn skv. tilnefningu bæjarstjórnar Snæfellsbæjar og einn skv. tilnefningu bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Stykkishólms. Kjósa skal jafnmarga varamenn og fer með kjör þeirra eftir sömu reglum og um kjör aðalmanna. Stjórnarmenn skulu tilnefndir á aðalfundi ár hvert samkvæmt 4. tl. 3. mgr. 4. gr.

Við atkvæðagreiðslu á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða stjórnarmanna en að öðru leyti gilda um fundi og fundarsköp ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, eftir því sem þau eiga við og fyrirmynd ráðuneytisins að fundarsköpum sveitarstjórna um stjórnarfundum. Sama gildir um réttindi og skyldur stjórnarmanna.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann. Formaður stýrir fundum. Fundargerðir skal færa í sérstaka gerðarbók ellegar í rafrænt form.

Fundargerðir skal senda aðildarsveitarfélögum sem og birta á aðgengilegan hátt á heimasíðu byggðasamlagsins og/eða heimasíðum sveitarfélaganna.

6. gr.

Hlutverk stjórnar byggðasamlagsins er:

- a. Að ráða forstöðumann og ákvarða ráðningarkjör hans og starfsskipulag; setja erindisbréf og veita prókúrumboð.
- b. Að skera úr um ágreining sem upp kann að koma varðandi starfseminum og vísað er til stjórnar.
- c. Að hafa eftirlit með öllum rekstri byggðasamlagsins, sjá um að fylgt sé lögum og reglugerðum sem starfsemin heyrir undir og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur samlagsins til skemmri og lengri tíma. Stjórnin skal gæta þess að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð og skal hún gera tillögur til eigenda um þau framtíðarmarkmið sem stefnt er að á hverjum tíma.
- d. Að koma fram fyrir hönd samlagsins gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum.
- e. Að semja tillögur til aðalfundar um verkefni næsta árs, rekstraráætlun og fjárhagsáætlun.

Stjórninni er heimilt, innan marka fjárhagsáætlunar, að ganga til samstarfs og samninga við aðila um einstök verkefni sem byggðasamlaginu kunna að vera falin.

7. gr.

Ein, sameinuð félags-, og skólaþjónustunefnd, sem heitir "Félagsmálanefnd Snæfellinga", skal starfa og sinna viðeigandi verkefnum á starfssvæðinu. Nefndin fer með lögbundið hlutverk félagsmála-, leikskóla- og skólanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 28. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Í nefndina skal kjósa fimm aðalfulltrúa; tvo frá Snæfellsbæ, tvo frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi og einn frá Grundarfjarðarbæ. Jafnframt skal kjósa jafnmarga varamenn og fer með kjör þeirra eftir sömu reglum og um kjör aðalmanna.

8. gr.

Stjórn byggðasamlagsins annast rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, það er lögaðili við framkvæmd þjónustunnar og ber ábyrgð á öllum skyldum aðildarsveitarfélaganna gagnvart íbúum þeirra og starfsmönnum stofnunarinnar.

9. gr.

Öllum sameiginlegum kostnaði FSS skal jafna niður á aðildarsveitarfélögin í réttu hlutfall við íbúatölu þeirra eins og hún var 1. desember næstliðið ár. Sameiginlegur kostnaður er allur kostnaður vegna starfa stjórnar, félagsmálanefndar og reksturs stofnunarinnar. Kostnaður vegna einstakra úrræða greiðist af viðkomandi sveitarfélagi, að höfðu samráði við viðeigandi starfsmann þess sveitarfélags.

10. gr.

Forstöðumaður gerir fjárhagsáætlun í samráði við stjórn og félagsmálanefnd. Senda skal áætlunina sveitarstjórnnum til umfjöllunar fyrir 1. desember ár hvert eða eftir nánari viðmiðum sveitarfélaganna sem og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga á hverjum tíma. Hafi ekki borist athugasemdir við frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir áramót skoðast það samþykkt af viðkomandi sveitarstjórn. Berist breytingartillögur eða athugasemdir við fjárhagsáætlunina skal stjórn FSS fjalla um þær og afgreiðir stjórn fjárhagsáætlun endanlega fyrir janúarlok. Ákvarðanir um allar stærri fjárfestingar skal þó taka á aðalfundi.

11. gr.

Gjöldum aðildarsveitarfélaganna skal skipt í tíu mánaðargreiðslur með gjalddaga fyrsta hvers mánaðar frá og með febrúar til og með nóvember. Verði dráttur á greiðslum skal reikna dráttarvexti.

12. gr.

Reikningar FSS skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum sem stjórn FSS ræður til starfans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir í samræmi við 69. gr. sveitarstjórnarlaga með síðari breytingum.

13. gr.

Aðildarsveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þegar uppgjör fer fram. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

14. gr.

FSS er heimilt að selja öðrum sveitarfélögum þjónustu skv. samþykktum þessum enda greiði viðkomandi sveitarfélag fyrir þá þjónustu.

15. gr.

Um endurskoðun á samþykktum þessum, úrgöngu úr byggðasamlaginu og hvernig með skuli fara verði starfsemi byggðasamlagsins hætt, gilda ákvæði 94. og 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum.